

## Fundargerð stjórnar BÍS 06/2012.

miðvikudaginn 29. febrúar 2012 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110 Reykjavík.

### Mættir:

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Halldóra G. Hinriksdóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Finnbogi Finnbogason, gjaldkeri, Hulda Sólrún Guðmundsdóttir, formaður alþjóðaráðs, Jón Ingvar Bragason, formaður dagskráráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðsluráðs, Benjamín Axel Árnason, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

### Dagskrá:

1. Setning: BB setti fund og bauð fundarmenn velkomna.
2. Fundargerðir stjórnar BÍS: Fundargerðar 04/2012 og 05/2012 samþykktar.
3. Starfsyfirlit skrifstofu og starfsyfirlit fræðsluráðs: Lágu frammi.
4. Skátaping 2012:
  - a. Drög að dagskrá Skátapings: Samþykkt til útsendingar
  - b. Drög að skýrslu stjórnar: JA falið að ljúka drögum til útsendingar.
  - c. Drög að ársreikningi: FF kynnti drög að ársreikningi. Samþykktur til útsendingar.
  - d. Fjárhagsáætlun og tillaga að árgjaldi skátafélaga til BÍS: Samþykkt að leggja til óbreytt árgjald kr. 400,-. Drög að fjárhagsáætlun lögð fram og samþykkt til útsendingar.
  - e. Drög að starfsáætlun BÍS til fimm ára: Drög að starfsáætlun lögð fram og samþykkt til útsendingar.
  - f. Tillögur til lagabreytinga: Engar tillögur til lagabreytinga hafa borist.
  - g. Tillögur frá skátafélögum, stjórn BÍS, ráðum þess og nefndum: Ein tillaga hefur borist. Hún fjallar um vinnuhóp um róverskátadagskrá.
  - h. Kynning á þeim frambjóðendum sem í kjöri verða á þinginu: Tillaga uppstillingarnefndar kynnt.
5. Innleiðing nýs starfsgrunnss
  - a. Útgáfa: Dróttskátabókin er í lokayfirlestri.
  - b. Svæðisforingjar: Munu funda nk. þriðjudag.
  - c. Næstu skref: Samþykkt að endurvekja stýrihóp verkefnisins. Sömu einstaklingar skipa hópinn og sl. sumar.
6. Úrvinnsla af fundi með SSR: Ekki hafa verið fundir í vinnuhópi gjaldkera og framkvæmdastjóra BÍS og SSR.
7. Úlfljótswatn: ÓP lagði fram drög að eigendasamkomulagi. Samþykkt að vinna áfram á þessum nótum.
8. Vinnuhópar:
  - a. Fullorðnir í skátastarfi: Frestað til næsta fundar.
  - b. Rekstur og stjórnun skátafélaga: HGH kynnti að tveir hópar fari af stað í mars. Samþykkt.
  - c. Reglugerð um félagatal: JA kynnti ný drög. Samþykkt.
9. Starfsmannamál BÍS: HS fór yfir breytingar sem framundan eru á starfsmannamálum í Skátamiðstöðinni. Frekari umræðu frestað.
10. Æskulýðsvettvangurinn: Í undirbúningi er að formfesta betur starf Æskulýðsvettvangsins, m.a. með því að hann vinni á eigin kennitölu. Samþykkt.
11. Önnur mál: Engin að þessu sinni.

Fleira ekki rætt, Fundi slitið kl. 20:00, Fundargerð ritaði JA.